

# Retrierverdeild HRFÍ



**Skýrsla stjórnar 2006-2007**

**Lögð fram á ársfundi deildarinnar 21. mars. 2007 í  
Sólheimakoti**

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Stjórn .....	3
Sýningarnefnd Veiðinefnd .....	3
Starfsemi.....	3
Ræktunarráð .....	3
Innflutningur .....	3
Veiðinefnd .....	3
Mjaðma- og olnbogamyndir .....	4
Augnskoðanir .....	4
Reglur til ættbókaskráningar .....	4
Heimasíða .....	4
Sýningar.....	5
Veiðipróf.....	5
Skapgerðarmat .....	5
Meistarar .....	5
Retrieverámskeið .....	5
Lokaorð.....	5

## Stjórn

Ástrós Gunnarsdóttir  
Dagur Jónsson  
Olgeir Gestsson  
Sigríður Bílddal  
Sigurður Magnússon

## Sýningarnefnd

Albert Gíslason  
Erla Heiðrún Benidiktisdóttir  
Ólöf Ólafsdóttir

## Veiðinefnd

Guðmundur A. Guðmundsson  
Hlynur Hjaltason  
Ingibergur Þorvaldsson  
Ingólfur Guðmundsson  
Jóhann K. Birgisson  
Samúel Hermansson  
Þorsteinn Birgisson

## Starfsemi

Á síðasta starfsári voru haldnir 8 stjórnarfundir. Stjórn sendi fulltrúa á 3 fulltrúaráðsfundi HRFÍ. Haldinn var ein félagsfundur þar sem kynntar voru nýjar reglur vegna ættbókaskráningar fyrir retrieverhunda. Stjórn retrieverdeildarinnar leggur nú í fyrsta sinn fram fyrir ársfund starfs- og fjárhagsáætlun, og til kynningar stöðu og hreyfingar á tékkareikningi sem er í vörslu deildarinnar. Stjórn skipaði sýningarnefnd á starfsárinu. Hlutverk hennar er að sjá um og halda deildarsýningar og að koma að sýningum á vegum félagsins.

## Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust alls 9 pörunarbeiðnir á starfsárinu og var þeim öllum svarað. Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2006 voru: Labrador 64 úr 10 gotum og Flat Coated 6 úr 1 goti.

## Innflutningur

1 Chesapeake Bay, 1 Flat coated og 3 Golden.

## Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári. Nefndin lagði til starfs og fjárhagsáætlun fyrir stjórn deildarinnar. Þar ber hæst viðburður á vegum deildarinnar þar sem haldið er á sömu helginni veiðipróf og deildarsýning. Ákveðið var að halda þennan viðburð í Borgarfirði í júlí og fá danska dómara til að dæma bæði sýninguna og veiðiprófið. Einnig lagði nefndin til tveggja daga veiðipróf á Hunkubökkum um verslunarmannahelgina, og fá erlendan dómara á það próf. Kostnaður vegna þess dómara er fyrir utan kostnaðaráætlun deildarinnar. Retrieverdeildin hefur gert samstarfsamning við fyrirtækið Dýrheima sem er umboðsaðili fyrir Royal Canin, og er sá samningur í endurskoðun og ráðgert að Dýrheimar standi að einverju leiti straum af kostnaði við dómara á Hunkubökkum.

## Mjaðma- og olnbogamyndir

### Labrador

54 HD myndaðir	49 ED myndaðir
FRI: 44	FRI: 45
HD: 10	ED: 4
88% frí	92% frí

### Golden

14 HD myndaðir	14 ED myndaðir
FRI: 12	FRI: 11
HD: 2	ED: 3
86% frí	78% frí

## Augnskoðanir

Tvær augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu. Alls mættu 94 retrieverhundar. 70 Labrador, 22 Golden og 2 Flat coated. 5 tilfelli af arfgengu catarakt greindust, þar af 4 ný.

## Reglur til ættbókaskráningar

Á árinu 2006 fór ræktunarstjórn fram á það við stjórn HRFÍ að gerðar yrðu breytingar á reglugerð um skráningu hunda í ættbók, samkvæmt beiðni ársfundar retrieverdeildarinnar.

Breytingarnar voru tvær.

**Undaneldisdýr skulu einnig olnbogamynduð fyrir pörun. Gildir það fyrir allar retrievertegundirnar.**

Hin breytingin var sú að eftirtaldar

3 retrievertegundir:

### Chesapeake Bay

### Labrador

### Nova Scotia Duck Tolling

**skulu hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA.**

Frá 01.01.2005 til 31.12.2006 hafa 40 labradorhundar farið í þetta próf.

## Heimasíða

Retrierverdeildin heldur úti mjög öflugri heimasíðu þar sem ýmsar upplýsingar eru til staðar um starfsemi deildarinnar ásamt fréttalista þar sem félagsmenn geta skráð sig á

og fengið allar nýjustu fréttir. Sú breyting varð á starfsárinu að deildin heldur sjálf úti síðunni en ekki sem undirsíðu hjá félaginu. Deildin hefur yfir að ráða gagnagrunni sem vistaður er á heimasíðu deildarinnar. Í þessum grunni eru upplýsingar um árangur á sýningum, veiðiprófum og heilsufar. Mjaðmir, olnboga og augnskoðanir. Einnig eru upplýsingar um eigendur skv ættbók, ættartafla og ýmsar upplýsingar um gotsystkini hunds og got undan viðkomandi hundi. Heimasíðustjóri okkar Olgeir Gestsson á veg og vanda að vinnu við grunninn sem mun auðvelda hinum almenna félagsmanni til muna að afla sér upplýsinga um einstaka hunda með tilliti til ræktunar, því að þarna eru samankomnar allar upplýsingar sem fylgja ættbók hundsins.

## Sýningar

3 sýningar voru haldnar á vegum félagsins á starfsárinu. Alls voru sýndir 192 retrieverhundar á þessum sýningum

## Veiðipróf

7 veiðipróf voru haldin vegum deildarinnar á starfsárinu og tóku alls 90 retrieverhundar þátt í þessum veiðiprófum

## Skapgerðarmat

Á starfsárinu hafa 11 retrieverhundar gengist undir skapgerðarmat.

## Meistarar

**INT.CH ISCH Attikonak Crasy About a Mercury**, eig. Guðmundur Helgi Guðmundsson

Deildin óskar honum til hamingju með árangurinn.

## Retrievernámskeið

Retrievernámskeiðin eru stærsti þáttur í starfsemi deildarinnar og fer stækkandi og stöðugt verið að bæta inn fleiri námskeiðum svo sem hlýðni og hyllir í að hvolpanámskeiðin fyrir retrieverhunda komi alfarið inn í starfsemina. Þátttakendum á námskeiðum fer stöðugt fjölgandi og er svo komið að fjölga þarf leiðbeinendum. Dagur Jónsson hefur gengið á námskeiðunum sem nemi og útskrifast von bráðar sem leiðbeinandi, og þeir Hlynur Hjaltason, Samúel Hermannsson og Þorsteinn Birgisson hafa gengið sem aðstoðarmenn á þessum námskeiðum.

## Lokaorð

Mikil gróska hefur einkennt liðið starfsár innan deildarinnar og mörgu verið komið í verk þó margt sé enn óunnið og ætlum við okkur stærri hluti til framtíðar. Því er að þakka því fólki sem er tilbúið að vinna fyrir deildina hvort heldur er í nefndum og stjórn eða á sýningum og veiðiprófum. Mig langar að lokum að þakka þeim sem létu af störfum fyrir veiðinefndina á árinu fyrir störf þeirra og bjóða þau sem koma inn til starfa í veiðinefnd og sýninganefnd velkomin. Einnig vil ég óska öllum þeim sem hafa náð góðum árangri með hunda sína á árinu til hamingju með ósk um áframhaldandi gott gengi.